



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 23. febrúar 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.

Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir er nú lögð fram þriðja löggjafarþingið í röð, óbreytt að efni til. Fyrir liggur umsögn Landgræðslu ríkisins um þingsályktunartillögu þessa, sjá umsögn um 414. mál á 146. löggjafarþingi, og vísast til hennar.

Landgræðsla ríkisins bendir á að fjármála- og efnahagsráðuneytið lagði í október sl. fram drög að eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda. Í þeim drögum er tekið á mörgum þeim þáttum sem sýnt er að taka þurfi á í eigendastefnu fyrir bújarðir. Stofnunin telur, eins og fram kom í fyrri umsögn, að rétt sé að tekið sé á öllum þáttum tengdum bújörðum o.fl. í þeirri einu stefnu. Með því að gera ákveðnar breytingar á þessum fyrirliggjandi drögum að eigendastefnu er líklegt að tryggja megi þá hagsmuni sem fyrirliggjandi þingsályktunartillögu er ætlað að tryggja.

Að lokum bendir Landgræðsla ríkisins á að víða er ástand ríkisjarðar í það slæmu ásigkomulagi að brýn nauðsyn er til frekari landgræðsluáðgerða. Þá er og ítrekað að víða á ríkisjörðum eru miklir möguleikar til endurheimtar votlendis en sú aðgerð er ein sú virkasta sem völ er á til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Taka þarf tillit til beggja ofangreindra þátta við mótun endanlegrar eigendastefnu fyrir jarðir ríkisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Birkir Snær Fannarsson